# Auglýsinga- og kynningar-blað skíðamanna 1984

Útgefandi: Ferðasjóður skíðamanna, Ísafirði. Ábm.: Sigurður Gunnarsson



## Efnisyfirlit:

| | bls. |
|---|---|
| Frá stjórn S.R.Í. | 3 |
| Foreldrastarf | 4 |
| Af erlendum vettvangi | 6 |
| Fáein hollráð til skíðamanna | 7 |
| Haustþing S.K.Í. 1984 | 8 |
| Mótaskrá vetrarins | 9 |
| Hlutur göngumanna | 12 |
| Landsliðsmál — Skíðaganga | 12 |
| Af erlendum vettvangi | 13 |
| Mannlegi þátturinn mikilvægastur | 14 |

# KYNNTU ÞÉR

TRYGGINGA VAL SAMVINNUTRYGGINGA

SAMVINNU TRYGGINGAR

Austurvegi 2 Ísafirði, sími 3555



Eir h.f. Útgerðarfélag.



# Vetrarskoðun 1984

1. Hreinsuð geymasambönd
2. Mældur rafgeymir
3. Mæld hleðsla
4. Mótor þjöppumældur
5. Skipt um kerti
6. Skipt um platínur
7. Ath. loftsía
8. Mótorstilling
9. Ath. ljós og stilla
10. Ath. viftureim
11. Ath. þurrkublöð
12. Ath. ísvara á rúðusprautum
13. Ath. olíu á mótor
14. Ath. slag í kúplingu
15. Smurðar hurðalæsingar
16. Mældur frostlögur

*Innifalið í verði:*
Vinna, kerti, platínur, ísvari. Viljirðu fá skipt um olíu, borgarðu aðeins olíuna.

# FAST VERÐ

4 cyl. kr. 1.708
6 cyl. kr. 2.025
8 cyl. kr. 2.342

Sími 3379
BÍLAVERKSTÆÐI ÍSAFJARÐAR hf.

## Húsmæður

Fyrir jólabaksturinn:
Smíðum plötur í bakaraofna

BLIKKSMIÐJA ERLENDAR
PÓSTHÓLF 173 — 400 ÍSAFIRÐI

Óskum starfsmönnum og viðskiptavinum gleðilegra jóla.

Þakka samstarfið á liðnum árum.

**Rækjuvinnslan Vinaminni**

# Pensillinn

Hafnarstræti 11, Ísafirði — Sími 3221



*Gólfteppi*
*Gólfdúkar*
*Veggdúkar*
*Veggstrigi*
*Dreglar, mottur o.fl.*

*Föndurvörur alls konar*

**Allar málningarvörur og verkfæri**
**Opið laugardaga 10:00 — 12:00**

Óskum ísfirsku skíðafólki góðs gengis á komandi vetri.

Netagerð Vestfjarða hf.
Sími 3413

**IFÖ og GUSTAVSBERG hreinlætistæki**
**GROHE og DAMIXA blöndunartæki.**
**METABO rafmagnshandverkfæri**

**Mikið úrval.**

RÖRVERK HF ÍSAFIRÐI

**Verslun Suðurgötu 12, Ísafirði sími 3298**

HÖFUM ÁVALLT Á LAGER:
Rör, svört og galvaniseruð, bolta og múrbolta, ýmsar stærðir, eirrör, plötujárn, flatjárn, prófíla í öllum stærðum, öxulstál í flestum stærðum, vinkiljárn, skúffujárn, álplötur, flatál, prófílál.

VÉLSMIÐJA ÍSAFJARÐAR
Sími 3910 - Nafnnr. 9175-5343



Sendum Viðskiptamönnum bestu jóla- og nýárskveðjur

TRÉSMÍÐA-VERKSTÆÐI DANÍELS KRISTJÁNSSONAR



BRAUÐVAL SF.
BAKARÍ HINNA VANDLÁTU.
SILFURGÖTU 11 - SÍMI 94-4400
ÍSAFIRÐI Box 104

**OPIÐ ALLA VIRKA DAGA OG LAUGARDAGA**



# Frá stjórn S.R.Í.

Nú þegar vetur gengur í garð og snjóa tekur, sumum til gleði en öðrum til armæðu hefst starfsemi S.R.Í. af fullum krafti. Þó starfar stjórn S.R.Í. allt árið, því huga þarf að þjálfun og fjáröflun fyrir næsta starfsár.

Í stjórn S.R.Í sitja nú Sigurður Gunnarsson, Gautur Stefánsson, Gylfi Guðmundsson, Pétur Bjarnason, Hermann Hákonarson, Hafsteinn Ingólfsson og Signý Rósantsdóttir. Í varastjórn eru Páll Sturlaugsson, Ólafur N. Guðmundsson og Hannes Óskarsson. Þetta er í fyrsta sinn sem kona er kosin í stjórn S.R.Í. og er það vel.

Í vetur munu starfa 3 þjálfarar í alpagreinum, og 2 í göngu hjá S.R.Í. Það eru þau Kristín Úlfsdóttir, Halldór Antonsson og Hafsteinn Sigurðsson sem þjálfa alpagreinar og Þröstur Jóhannesson og Egill Rögnvaldsson sem þjálfa göngu. Í haust hefur Hafsteinn Sigurðsson stjórnað æfingum fyrir keppnisliðið í alpagreinum 13 ára og eldri og Þröstur Jóhannesson hefur haft umsjón með göngulíðinu. Eftir áramót hefjast skíðanámskeið á vegum S.R.Í. á Seljalandsdal og eru þau miðuð við börn 7 ára og eldri. Í fyrra voru um 150 þátttakendur á þessum námskeiðum og sá Bæjarsjóður Ísafjarðar um akstur á dalinn á meðan á þessum námskeiðum stóð. Í sambandi við þjálfun, þarf að fara að huga að þjálfun allt árið fyrir eldri aldurshópa og er vonandi að S.R.Í. geti skipulagt það fyrir næsta sumar.

Í vetur verða haldin skíðamót um hverja helgi bæði hér heima og einnig verða bikarmót S.K.Í. haldin víðs vegar um landið. S.R.Í mun senda hóp keppenda á öll bikarmót S.K.Í. eins og áður. Hér á Ísafirði verða haldin tvö bikarmót í vetur, Þorramótið sem er bæði í alpagreinum og göngu og bikarmót unglinga 15 — 16 ára í alpagreinum og einnig verður haldið hér öldungamót í göngu og alpagreinum í endaðan mars. Við mótshald þarf mikið og gott starfslið og væntum við þess að sem flestir sjái sér fært að veita okkur aðstoð þegar til þeirra verður leitað.

Starfsemi S.R.Í. ræðst nokkuð af fjárhagsgetu ráðsins. Á seinni árum hefur kostnaður við rekstur S.R.Í. aukist jafnhliða auknu starfi. Nú er svo komið að þær fjáröflunarleiðir sem áður dugðu fyrir rekstri S.R.Í. duga skammt. Stjórn S.R.Í. leitar nú að nýjum leiðum til fjáröflunar til að starf S.R.Í. geti haldið áfram að dafna á næstu árum. Til gamans má geta þess að ferðakostnaður á s.l. ári nam 565 þús. kr. og þjálfunarkostnaður 341 þús. kr.

Hér á Ísafirði er hópur góðra skíðamanna og er það skylda okkar sem að skíðamálum stöndum að gera þeim kleift að komast til keppni á bikarmót S.K.Í. S.R.Í. hefur alltaf borgað ferðakostnað að fullu og auk þess styrkti S.R.Í. keppendur til utanlandsferða. Í vetur munum við starfa með sama hætti og áður og veita okkar keppnisfólki sem mesta aðstoð. Það er von okkar að við fáum stuðning frá þeim bæjarbúum sem vilja skíðaíþróttinni vel, því margar hendur vinna létt verk.

Það er aðalmarkmið S.R.Í. að efla skíðaíþróttina sem mest hér í bæ. Á Ísafirði er aðstaða til skíðaiðkana mjög góð, gott gönguland og góðar brekkur. Það er kappsmál okkar að eignast sem flesta og besta keppnismenn í skíðaíþróttinni. Til þess að svo megi verða þarf góða aðstöðu á skíðasvæðinu og er það von okkar að uppbyggingu þar verði hraðað sem mest. Hér á Ísafirði stendur til að stofnuð verði sérstök námsbraut í Menntaskólanum sem er skíðabraut og ætti það frekar að ýta undir bætta aðstöðu á Seljalandsdal.

Að lokum viljum við þakka öllum þeim fjölda einstaklinga og fyrirtækja sem studdu okkur í starfi s.l. vetur veittan stuðning. Með von um bjarta framtíð í framgangi skíðamála hér á Ísafirði.

Sigurður Gunnarsson
form. S.R.Í.


## Hjá okkur færðu nytsama jólagjöf á góðu verði


AÐVENTULJÓS, MARGAR GERÐIR
HVÍTT — RAUTT — BRÚNT
Verð frá kr. 690,-


FURUSTJÖRNUR Í GLUGGA
Verð frá kr. 365,-


GLÆSILEGT JÓLASERÍUÚRVAL
Verð frá kr. 385,-


QUARTZ VEKJARI M/FM ÚTVARPI
Verð aðeins kr. 1.990,-


SIEMENS MINI ÚTVARP
ÓTRÚLEGA GÓÐUR HLJÓMUR
Verð aðeins kr. 640,-


BÓKAORMUR
FÉLAGI LESTRARHESTA. GENGUR FYRIR RAFMAGNI EÐA RAFHL.
Verð aðeins kr. 590,-


SINCLAIR SPECTRUM 48K
ÁSAMT 8 VINSÆLUM FORRITUM
Verð aðeins kr. 7.400,-



ACORN — ELECTRON
TÖLVAN SEM ÞOLIR SAMANBURÐ
Verð aðeins kr. 7.990,- st.gr.


BBC TÖLVAN
HRAÐVIRK—ÖFLUG—FULLKOMIN
Verð kr. 18.970,-

## Stórglæsilegt raftækjaúrval

- ☆ Kaffivélar
- ☆ Brauðristar
- ☆ Straujárn
- ☆ Handþeytarar
- ☆ Ryksugur
- ☆ Eggjasjóðarar
- ☆ Pelahitarar
- ☆ Brauðhnífar
- ☆ Djúpsteikipottar
- ☆ Vöfflujárn
- ☆ Hrærivélasett
- ☆ Rakvélar
- ☆ Krullburstar
- ☆ Rafmagnspönnur
- ☆ Hárkrumpur
- ☆ Hitateppi
- ☆ Hitapúðar
- ☆ Sjónvörp
- ☆ Hljómflutningstæki
- ☆ Ferðaútvarpstæki
- ☆ Hljómplötur
- ☆ Vasadiscó
- ☆ Bílaútvörp
- ☆ Örbylgjuofnar
- ☆ Þvottavélar
- ☆ Þurrkarar
- ☆ Uppþvottavélar
- ☆ Ísskápar
- ☆ Eldavélar
- ☆ Saumavélar
- ☆ Videotæki

PÓLLINN HF.

**Póllinn hf.**
Ísafirði — Sími 3792

# Foreldrastarf



Pétur Bjarnason

**Vetrarstarfið að hefjast**

Þegar líður á veturinn er varla sú helgi að ekki sé eitthvað um að vera í skíðalandinu. Svo sem sjá má á mótaskrá hér í blaðinu er dagskráin fjölbreytt.

Því miður gengur dæmið sjaldnast alveg rétt upp, þar sem allt er þetta háð veðurfarinu og auk þess tengt við skipulag annarra félaga, sem einnig kann að breytast af sömu ástæðum.

Þó megum við treysta því, að þegar á veturinn líður, gefst skíðafólkinu tækifæri til að spreyta sig í keppni á dalnum, jafnt þau yngri sem hin eldri.

Það er fátt skemmtilegra en að sjá yngstu keppendurna koma í mark eftir vel-heppnaða ferð. Stoltið skín úr svipnum og hlustað er með ákafa eftir því hvernig tímar næstu manna falla.

**Skíðamótin**

Í skíðakeppni keppir maður oftast einn, við sjálfan sig og klukkuna. Ekkert má út af bera á leiðinni, því hvert sekúndubrot er dýrmætt.

Því fylgir oft spenna og þörf fyrir stuðning og umönnun, einkum hjá þeim yngstu.

Hér kemur til kasta foreldra. Mótin fyrir yngstu börnin eru öll skipulögð og þeim stjórnað af foreldrum. Starfsmenn mótanna koma líka úr hópi foreldra, auk þess sem eldri krakkarnir leggja þar lið, nema þau séu bundin annars staðar.

Almennt er áhugi foreldra mikill og vandalítið að fá fólk til þessara starfa, einkum þegar vel viðrar. Ný andlit í hópinn eru vel þegin og alltaf er stæði á áhorfendasvæðunum til hvatningar keppendum.

Yngri börnunum er það og mikils virði að hafa foreldra eða einhvern kunnugan nálægt ef eitthvað bjátar á, eins og oft vill verða.

**Vilji er allt sem þarf**

Það er útbreiddur misskilningur að fólk þurfi að vera þjálfaðir skíðamenn til að geta aðstoðað við mótahald. Því fer hins vegar víðs fjarri, allt sem til slíkrar vinnu þarf er áhugi fyrir málefninu og reyndar skjólgóður fatnaður, einkum framan af.

Með starfi foreldra að málefnum skíðakrakkanna aukast kynni þeirra á milli og auðveldar þetta allt skipulag og samstarf.

**Varúð — Smithætta!**

Rétt þykir að geta þess, að með því að taka þátt í þessu starfi fer varla hjá því að menn hrífist með og láti undan löngun sinni að reyna sjálfur þessa heilbrigðu skemmtun.



Göngugarpar framtíðarinnar.

Skíðaíþróttin er fjölskylduíþrótt og helgunum er tæpast betur varið á annan hátt, um það sannfærast menn fljótlega.

Aðstaða hér er góð, hvort heldur menn kjósa gönguskíði eða svig og sem betur fer er aldrei of seint að byrja.

**Vaxandi áhugi**

Starf foreldra með börnum sínum á stóran þátt í þeirri aukningu sem verið hefur á skíðaiðkun almennings hin síðari ár.

Skíðaráðið vonast til þess að sjá sem flesta foreldra, sem oftast í skíðalandinu í vetur.

Ísfirðingar Skíðafólk

Verið velkomin á Seljalandsdal

★ Þrjár lyftur

★ Troðnar svigbrekkur

★ Troðnar göngubrautir

★ Skíðakennsla

★ Svefnpokagisting

★ Veitingasala



Veitingasalan í Skíðheimum verður opnuð á nýja árinu.



Ísfirðingar, gleymið ekki að láta hin vinsælu **gjafakort** skíðalyftunnar með í jólapakkann.

Óskum öllum Ísfirðingum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.



**Jólagjafir við allra hæfi**

— Skartgripir
— Leikföng
— Gjafavara
— Búsáhöld

Athugið:
Jólasveinninn fær ýmislegt í skóinn hjá okkur



**Vinnuver Mjallargötu 5 sími 3520**

Óskum ísfirskum skíðamönnum góðs gengis á klomandi vetri

**Skipasmíðastöð Marsellíusar hf.**




**Verslunin Eplið**
**Ísafirði sími 3103**

**V. V. HÁRSKERI**
*HAFNARSTRÆTI 11*

*Munið að mæta tímanlega í jólaklippinguna*
*Tímapantanir í síma 3040*

**Hönnun og ráðgjafa-þjónusta**

**Tækniþjónusta Vestfjarða h.f.**
Austurvegi 1, sími 3902

**JASMIN**
Ljóninu — Sími 4024

Mikið úrval af ódýrum jólagjöfum
Verið velkomin

**Kaupfélag Ísfirðinga**

*óskum félagsmönnum og viðskiptavinum okkar gleðilegrar jólahátíðar og þökkum samskiptin á árinu, sem er að líða.*

Óskum ísfirsku skíðafólki velfarnaðar á komandi vetri.

**Blómabúðin**

*Óskum ísfirsku skíðafólki velfarnaðar á komandi vetri.*

VEITINGASALURINN
**DOKKAN**

*Gleðileg jól og farsælt komandi ár þökkum árið sem er að líða.*

**Björnsbúð**

*Gleðileg jól, farsælt komandi ár*

***Jakob Ólason***

Hörpusilki, Polytex, Kopal og Vitratex plastmálning
Sprautubrúsar
Fyllingarefni fyrir bíla og plastbáta
Lím í túbum og margt fleira

**G. E. SÆMUNDSSON**
**MÁLNINGARVÖRUVERSLUN SÍMI 3047**

**Óskum viðskiptavinum, starfsmönnum og öðru heiðursfólki gleðilegra jóla og farsældar á nýja árinu**

**FLÍSIN SF.**
Verktakaþjónusta

## Sundhöll Ísafjarðar

**opnunartími meðan skólasund er:**

Sunnud. kl. 10:00 — 12:00.
Mánud. kl. 7:15 — 8:00, 20:00 — 21:00.
Þriðjud. kl. 7:15 — 8:00, 17:00 — 18:30, 20:00 — 21:00.
Miðvikud. kl. 7:15 — 8:00, 20:00 — 21:00.
Fimmtud. kl. 7:15 — 8:00, 17:00 — 18:30, 20:00 — 21:00 fullorðnir.
Föstud. kl. 7:15 — 8:00, 17:00 — 18:30, 20:00 — 21:00.
Laugard. kl. 10:00 — 12:00, 13:00 — 16:00.

**Þegar skólasund er ekki:**

Sunnud. kl. 10:00 — 12:00.
Mánud. kl. 7:15 — 10:00, 14:00 — 17:00, 20:00 — 21:00.
Þriðjud. kl. 7:15 — 10:00, 16:00 — 18:30, 20:00 — 21:00 konur.
Miðv.d. kl. 7:15 — 10:00, 14:00 — 17:00, 20:00 — 21:00.
Fimmtud. 7:15 — 10:00, 16:00 — 18:30, 20:00 — 21:00.
Föstud. kl. 7:15 — 10:00, 16:00 — 18:30, 20:00 — 21:00.
Laugard. kl. 10:00 — 12:00 — 13:00 — 16:00.

**Sundhöll Ísafjarðar**

Óskum ísfirskum skíðamönnum velgengni í vetur.

Rækjuverksmiðjan Hnífsdal

***GUÐMUNDUR ÞÓRÐARSON***
***HÚSASMÍÐAMEISTARI***
Sunnuholti 1 Ísafirði.

Óska starfsmönnum og viðskiptamönnum gleðilegra jóla og nýárs með þökk fyrir samstarfið og viðskiptin.

# Af erlendum vettvangi

Heimsbikarkeppnin var fyrst háð veturinn 1966 — 1967 og þykir nú þurfa endurskipulagningar við. Talað er um að aðeins þeir fyrstu 30 í svigi og stórsvigi í fyrri ferð fái að fara seinni ferðina og þá sé byrjað á þeim þrítugasta. Fara þeir bestu þá brautina síðast. Við sjáum til hvað verður.

Það verða 30 keppnir hjá körlum en 27 hjá konum. Í svigi 9 hjá báðum og 4 risastórsvig. Í bruni 8 í kvennaflokki en þremur betur í karlaflokki. Í stórsvigi 6 í karlaflokki og 7 í kvennaflokki. (Er verið að sauma að Stenmark, sem er lítið hrifinn af risastórsvigi?) Í fyrra vann hann 4 af 8 stórsvigskeppnum og 3 svigkeppnir af 10. Hann verður 29 ára í mars en ætlar að sýna syni sínum hvað hann getur og vera með í vetur. Hann þarf lítið orðið að æfa að sumrinu. Stenmark telur Marc Giradelli (f. 18/7 1963) sinn skæðasta keppinaut, en hann vann 5 af 10 svigmótum á liðnum vetri og svigbikarinn.

Perinin Zurbriggen (21 árs) vann heimsbikarinn, 2 risastórsvig og 1 stórsvig og hlaut sömu stig og Stenmark í stórsvigi.

Hans Enn (26 ára) vann 1 risastórsvig og tvö stórsvig. Hans er aðeins 168 cm á hæð og 64 kg. á þyngd, Stenmark 180 cm. og 73 kg.

Ólympíumeistarinn í bruni, Bill Johnson gekk vel í Evrópubikarkeppninni fyrri part vetrar og fór því yfir í heimsbikarkeppnina. Í janúar vann hann brunmót í Wengen fyrstur Ameríkana. Kom þar öllum á óvart nema sjálfum sér, en hann hafði staðið sig mjög vel á æfingum fyrir mótið. Hann vann svo tvö önnur brunmót.

Urs Räber vann hins vegar brun-bikarinn, vann tvö mót.

Alls hlutu 16 karlar gull í einstökum greinum og 22 konur að Ólympíuleikunum meðtöldum.

Hanni Wenzel hlaut 4 gull. Tvö í bruni og sitt hvort í svigi og stórsvigi. Hún virðist því hafa verið fjölhæfasti skíðamaður vetrarins. Maria Walliser (f. 27/5 1963) vann tvö brunmót og bikarinn með 95 stigum, Erika Hess og Tamara McKinney sín tvö mótin hvor í svigi og stórsvigi og sinn bikarinn hvor í svigi og stórsvigi. Rosevitha Steiner vann 2 svig, Michela Figini (f. 7/4 1966) vann eitt brun auk Ólympíugullsins í bruni. Maria Walliser vann heimsbikarinn í bruni, en Michela varð svissneskur meistari. Hún var svo óheppin að fá skyndilega kvöl í fótinn á



æfingu fyrir mótin vestan hafs og reyndist hafa þreytubrot í miðfótarbeini og gat ekki keppt þar. Hún á tímann fyrir sér og hrósaði happi yfir að þetta skeði ekki í Sarajevo.

Við sögðum ykkur í fyrra frá hraðameti á skíðum. Nú hefur kvenmanni tekist að ná 200 km. hraða á klst. Í Les Ares í fyrravetur tókst amerísku stúkunni Melissu Dimino, 23 ára, frá Squaw Valley að ná 200,780 km. hraða á klukkustund, sem er dálítið betra en hraðamet Stew McKinney 1978.

Austurríkismaðurinn Franz Weber bætti met sitt úr 208,092 í 208,937 km. á klst. Skíðin sem hann notar eru 2.40 m. á lengd. Hann ætlaði sér uppi í Himalayafjöll, til Galmara á Indlandi. — Hélt sér gengi betur í 3.000 m. hæð, en við höfum ekki fréttir af árangringum. Hann virðist hagnast vel á þessu, því hann á orðið fimm hús.

Svo er það 24 stunda skíðagangan í Pinzolo, 14 km. sunnan við Madonna di Campiglio á Ítalíu. Í fyrra tóku 780 manns af 18 þjóðernum þátt í að ganga eins hratt og þeir framast gátu í 5 km. hring. Metið er nú 328 km. Elsti þátttakandinn var 68 ára.

Þótt þú standir á fimmtugu og hafir ekki enn staðið á skíðum, áttu enn möguleika, eins og þjóðverjinn Gunther Hahn sem tók þátt í ár, þá 59 ára. Meðalaldur þátttakenda er 40 ár.

Sigurvegarinn að þessu sinni var 49 ára málafærslumaður frá Munchen. Konan hans stóð við brautina og taldi hringina en einhvers staðar í hringnum var veitt heitt te.

Heimsmeistaramótið verður haldið í vetur. Í alpagreinum verður keppt í Bormino, Ítalíu, 31. janúar til 10. febrúar 1985.

Mótið í norrænum greinum verður 17. janúar til 27. janúar í Seefeld í nágrenni Innsbruck. Eitt mót í norrænum greinum verður í Leningrad.




*Óskum ísfirsku skíðafólki velfarnaðar á komandi vetri.*

NIÐURSUÐUVERKSMIÐJAN ÍSAFIRÐI
ISAFJORD CANNING CO. LDT. P.O. BOX 106 400 ÍSAFIRÐI SÍMAR: 3153-3370



**Hefur þú athugað hvað við getum gert fyrir þig?**



***Eyðublöð***
**Rétt hönnuð eyðublöð spara dýrmætar vinnustundir.**
***Ljósritunarpappír***
**Fyrir þurrduftsvélar á mjög hagstæðu verði.**

Prentstofan Ísrún hf.
Aðalstræti 35 — Ísafirði — Sími 3223





Óskum starfsfólki og viðskiptamönnum gleðilegra jóla og nýárs með þökk fyrir samstarfið og viðskiptin á liðnu ári.

Djúpbáturinn hf.



**Vöruval**
**matvöruverslun**
***Búð sem stendur undir nafni.***
**Vöruval**
**Sími 4211, Ljóninu, Skeiði**

Bergþóra Sigurðardóttir

# Fáein hollráð til skíðamanna

**Hvernig velur maður skíði af réttri lengd?**

Sá sem ætlar að hafa virkilega ánægju af einhverri íþrótt, verður að nota réttar græjur. Þá er það spurningin hvernig reiknar maður út rétta lengd á skíðum. Þó að stóri bróðir eigi stór og góð keppnisskíði þýðir þá fyrir litla bróður að ætla sér að reyna sig á þeim? Þau eru sennilega bæði og stíf og of löng. Notkun þeirra myndi bara valda leiðindum.

Þýska Ski Magazin hefur útbúið töflu sem hefur verið notuð til viðmiðunar í nokkur ár, og þar eru tekin til greina þyngd, leikni, hraði skíðamannsins og hvers konar færi hann muni aðallega skíða í. Hæðin er ekki tekin inn í dæmið. Þegar þessir 4 þættir eru lagðir saman á að koma út skíðalengdin. Þeir leggja áherslu á að þú getir gert þetta upp við þig í einrúmi, og ákveðið sjálfur hvaða skíðalengd hentar þér.

Fyrir algeran byrjanda er mælt með skíðum á milli 160 — 180 cm. þetta gildir ekki fyrir börn.

Ef þér finnst þú fara of hratt ertu sennilega á of löngum skíðum, en ef þér finnst þú beygja of auðveldlega eru þau sennilega of stutt. Í von um að skíðin þín séu ekki langt frá því rétta.

Góða skemmtun

| Þyngd | Punktar |
|---|---|
| Yfir 100 kg. | 55 |
| 90 — 100 — | 52 |
| 80 — 90 — | 50 |
| 70 — 80 — | 49 |
| 60 — 70 — | 48 |
| 50 — 60 — | 46 |
| 40 — 50 — | 43 |
| 30 — 40 — | 35 |
| Undir 30 — | 30 |

**Hvernig skíðar þú?**

| Punktar | |
|---|---|
| Samhliða undir öllum kringumstæðum | 55 |
| Hratt í hólum | 50 |
| Rólega og reglulega | 42 |
| Ekki alltaf fullkomlega | 40 |

**Viðhorf þitt til þess hvernig þú ferð niður brekkuna**

| | Punktar |
|---|---|
| Hratt og án hiks | 50 |
| Venjulega af leikni | 48 |
| Að mestu af leikni | 45 |
| Af hreinni ánægju | 43 |
| Með aðgát | 40 |
| Hálf hræddur | 35 |

**Í hvernig landslagi skíðar þú?**

| | Punktar |
|---|---|
| Troðnar brautir, breiðar brekkur | 50 |
| Hvernig landslagi sem er | 48 |
| Mest í hólum | 45 |
| Mest í harðfenni | 43 |
| Í djúpum snjó | 40 |



1. mynd.



2. mynd.

**Ertu í góðu formi?**

Hér eru tvær einfaldar æfingar, sem hjálpa til að undirbúa þig fyrir skíðamennsku vetrarins. Við gerum ráð fyrir að þú hafir hjólað og skokkað í sumar.

Þú stendur í tröppu eða öðrum samsvarandi palli. Hafðu fæturna beina og láttu hælana síga það langt að þú finnir teygjast á vöðvunum í kálfanum. Farðu þér hægt, þetta á ekki að valda sárindum en á að vera dálítið óþægilegt. Haltu stellingunni í 15 sek. og endurtaktu þetta nokkrum sinnum eins og myndin sýnir.

Í svigi reynir mikið á hnén. Það verndar hnén að vöðvarnir framan á lærinu séu sterkir. Hér kemur æfing sem þú getur gert meðan þú horfir á sjónvarp. Hvað getur verið einfaldara.

Þú situr með hangandi fætur eins og mynd 2 sýnir og krossar fæturna um öklana og lyftir efra fætinum með þeim neðri. Gerðu þetta minnsta kosti 12 sinnum með hvorum fæti. Var þetta erfiðara en þú áttir von á? Haltu áfram.

**En skíðin þín?**

Barstu á þau vax áður en þú settir þau út í horn í vor? Eru þau orðin úr sér gengin? Láttu þau hvíla upp á endann og botnana nema saman. Þá á bilið á milli þeirra að vera 1 — 2cm. um miðjuna. Nú þrýstir þú þeim saman með þumli og vísifingri og sleppir. Ef þau fjaðra vel er allt í lagi.




ÖNNUMST JARÐVINNU
OG SNJÓMOKSTUR

**Vesturfell s/f**
Símar 4343 og 4747 (Barði)

Mikið úrval af nýjum og sóluðum dekkjum
HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI ÍSAFJARÐAR
Njarðarsundi 2 — 400 Ísafirði

Grófmynstraðir vetrarhjólbarðar
það besta sem völ er á í vetrarófærð

GÓÐ DEKK — GOTT VERÐ

Smur og hjólbarðaþjónustan
Fjarðarstræti 20 Ísafirði, sími 3499

*Óskum ísfirsku skíðafólki velfarnaðar á komandi vetri.*

Velbátaábyrgðarfélag Ísfirðinga



eev

Óskum starfsmönnum og viðskiptamönnum gleðilegra jóla og nýjárs með þökk fyrir samstarfið og viðskiptin.

Eiríkur og Einar Valur S/F
Byggingarverktakar
Ísafirði

*Óska ísfirsku skíðafólki velfarnaðar á komandi vetri*

*Arnar G. Hinriksson hdl.*
*Lögfræðiskrifstofa*

Slysa-
tryggingar

Við bjóðum hagstæð iðgjöld á öllum slysatryggingum

Nánari upplýsingar hjá umboðsmönnum eða aðalskrifstofu.

BRUNABÓTAFÉLAG ÍSLANDS
Ísafjarðarumboð
Aðalstræti 22 — Sími 3164

Eigum mikið úrval af
Sokkabuxum — Beltum
Vettlingum
Til jólagjafa:
Ilmvötn, rakspíra, sloppa og margt fleira.



Komdu og líttu á úrvalið
*það borgar sig*
*Gleðileg jól*
Snyrtivöruverslunin
KRISMA S.F

# Haustþing S.K.Í. 1984

Haustþing S.K.Í. var haldið á Egilsstöðum 9. — 11. nóv. s.l. Af hálfu S.R.Í. sátu þingið Sigurður Gunnarsson, Gautur Stefánsson, Páll Sturluson, Gylfi Guðmundsson og Halldór Antonsson.

Eins og undanfarin ár er haustþingi S.K.Í. ætlað að móta stefnu í starfi S.K.Í. en á skíðaþingi sem haldið er á páskum er kosin stjórn S.K.Í. Á þingum starfa fjórar nefndir þ.e. alpagreina, norrænugreina, trimm og fjárhags og útbreiðslunefnd.

Það kom fram á þinginu að eins og áður er það lélegur fjárhagur sem stendur starfi S.K.Í. fyrir þrifum. Rætt var um landsliðsmál og voru menn ánægðir með starf bæði alpagreina og norrænugreinanefnda sem standa bæði að vali og þjálfun landsliðsins. Þá voru menn sammála um það að ef halda á áfram og til að ná markvissum árangri þarf að veita þeim sem valdir eru í landsliðið meiri stuðning fjárhagslega, en eins og nú er háttað er kostnaði við utanlandsferðir skipt í 3 hluta þ.e. S.K.Í. borgar ⅓ héraðið ⅓ og keppandinn sjálfur ⅓, en af æfingum innanlands borgar keppandi allt sjálfur.

Nú er norrænugreinanefnd S.K.Í. staðsett hér á Ísafirði og voru þeir sem sátu í nefndinni sammála um að til að starf nefndarinnar yrði sem best þyrfti hún að hafa ráðstöfunarrétt á þeim fjármunum sem ætlaðir eru til norrænugreina hverju sinni.

Samþykkt var tillaga frá trimmnefnd um að í vetur verði haldnar trimmgöngur í hverju héraði og gefi 5 þeirra stig. Keppni þessi heitir Íslandsgangan. Þær göngur sem gefa stig eru Fossavatnsgangan, Lavaloppet, Lambagangan, Skógargangan og Þingvallagangan.

Einnig var haldin sérstakur fundur með þjálfurum úr hverju héraði og var almenn ánægja með að þeir skyldu hittast í byrjun vetrar og ræða mál skíðaíþróttarinnar. Einnig var skorað á öll skíðaráð að hvetja sína þjálfara til að íhuga vel stofnun þjálfarasamtaka.

Á þinginu kom fram almenn ánægja með störf stjórnar S.K.Í. og voru allir sammála um að auka þyrfti tengsl við fjölmiðla og í sambandi við skíðamót svo að almenningur geti betur fylgst með því hvað er að ske hverju sinni. Ú.Í.A. sá um skipulag þessa haustþings og var það þeim til mikils sóma.

S.R.Í.


*Óskum vestfirsku skíðafólki góðs gengis á komandi vetri.*





**FORM sf.**
Urðarvegi 66
Ísafirði,
sími 3881 og 3133

BYGGINGAVERKTAKAR ÍSAFIRÐI



**Erum byrjaðir að baka**
**STOLLEN**
**JÓLABRAUÐ**
**GAMLA BAKARÍIÐ**

**HRÖNN HF.**
**ÍSAFIRÐI**

**Gunnvör hf.**

**ORKUBÚ VESTFJARÐA**
Óskum ísfirsku skíðafólki góðs gengis á komandi vetri.

***Ilmvötn í miku úrvali***
***Bestu tegundir***

DIOR
JONTUE
CHARLIE
ANAIS ANAIS
FIDJI
LE JARDIN
TURBULENCE
HALSTON
AFTER DARK
BLASÉ
NINA RICCI
WHITE FLOWER
OSE O.FL.

ísafjarðar apótek
ÁSBJÖRN SVEINSSON · SÍMI 3009 · PÓSTHÓLF 14 · 400 ÍSAFIRÐI



**Köfunarþjónusta**
Hafsteinn Ingólfsson
Hjallavegi 7,
Ísafirði
Sími 3879

**Vörudreifing s/f**
**Símar 3995 — 3750**
Dreifing á gosdrykkjum frá verksmiðjum Vífilfells h/f og Ölgerðinni Egill Skallagrímsson



Höfum eitt besta úrval landsins

af hljómplötum. Auk þess seljum við hin heimsþekktu Pioneer hljómflutningstæki í bílinn og á heimilið

Einnig videotæki, sjónvörp, heimilistölvur, ferðatæki og margt fleira...

Sería s.f.
Hljómdeild
Aðalstræti, sími 3072

Verið velkomin







## Mótaskrá veturinn 1985

| Dagsetning | Mót | Grein | Flokkur | Mótshaldari |
|---|---|---|---|---|
| 27. janúar | Kjarnaganga, Akureyri | Trimmganga | Allir | S.R.A. |
| 27. janúar | Grænagarðsbikar, Ísafirði | Svig | Fullorðnir | Ármann |
| 27. janúar | Boðganga, Ísafirði | Ganga | 13 ára og eldri | Skíðafélag |
| 2.—3. febr. | Bikarmót, Húsavík | Alpagreinar | Fullorðnir | S.R.Í.F.V. |
| 2.—3. febr. | Bikarmót, Siglufirði | Ganga, skokk | Full./Ungl. | S.S.S. |
| 2.—3. febr. | Bikarmót, Akureyri | Alpagreinar | 15—16. ára | S.R.A. |
| 9. febrúar | Trimmganga, Ólafsfirði | Ganga | Allir | U.Í.Ó. |
| 9.—10. febr. | Vestfjarðamót, Ísafirði | Svig | 13 ára og eldri | Hörður |
| 16. febrúar | Skógarganga, Egilsstöðum | Trimmganga | Allir | U.Í.A. |
| 16.—17. febr. | Bikarmót, Siglufirði | Alpagreinar | Fullorðnir | S.S.S. |
| 16.—17. febr. | Bikarmót, Húsavík | Alpagreinar | 13—14 ára | S.K.Í.F.V. |
| 16.—17. febr. | Vestfjarðamót, Ísafirði | Svig | 12 ára og yngri | Vestri |
| 23.—24. febr. | Bikarmót, Akureyri | Ganga+stökk | Fullorðnir | S.R.A. |
| 23.—24. febr. | Ólafsmót, Ísafirði | Ganga+alpagr. | 12 ára og yngri | Foreldraráð |
| 27. febrúar | Punktamót, Dalvík | Ganga | Fullorðnir | Dalvík |
| 2.—3. mars | Bikarmót, Akureyri | Alpagreinar | Fullorðnir | S.R.A. |
| 2.—3. mars | Bikarmót, Ísafirði | Alpagreinar | 15—16 ára | S.R.Í. |
| 2.—3. mars | Bikarmót, Ólafsfirði | Ganga+stökk | Full./Ungl. | U.Í.Ó. |
| 9. mars | Lambaganga, Akureyri | Trimm | Allir | S.R.A. |
| 9.—10. mars | Vestfjarðamót, Ísafirði | Stórsvig | 13 ára og eldri | Hörður/Árm. |
| 9.—10. mars | Firmakeppni, Ísafirði | Svig | Allir | Foreldraráð |
| 16.—17. mars | Bikarmót, Ísafirði | Ganga+alpagr. | Full./Ungl. | S.R.Í. |
| 16.—17. mars | Bikarmót, Siglufirði | Alpagreinar | 13—14 ára | S.S.S. |
| 23.—24. mars | Bikarmót, Reykjavík | Alpagreinar | Fullorðnir | S.K.R.R. |
| 23.—24. mars | Þingvallagangan | Trimm | Allir | S.K.R.R. |
| 23.—24. mars | Bikarmót, Dalvík | Alpagreinar | 15—16 ára | Dalvík |
| 23.—24. mars | Bikarmót, Ólafsfirði | Stökk | Fullorðnir | U.Í.Ó. |
| 23.—24. mars | Vestfjarðamót, Ísafirði | Ganga | Allir | Vestri/Ármann |
| 23.—24. mars | Vestfjarðamót, Ísafirði | Stórsvig | 12 ára og yngri | U.M.F.B. |
| 30.—31. mars | Öldungamót, Ísafirði | Alpagr.+ganga | Öðlingar | S.R.Í. |
| 30.—31. mars | Fyrirtækjaboðg., Ísafirði | Ganga | Allir | S.R.Í. |
| 4. apríl | Lionsmót, Ísafirði | Ganga+alpagr. | 12 ára og yngri | Lions |
| 6. apríl | Bláfjallaganga, Reykjavík | Trimm | Allir | S.K.R.R. |
| 3.—7. apríl | Íslandsmót, Siglufirði | Alpa+Norr. gr. | Fullorðnir | S.S.S. |
| 13.—14. apríl | Lava Loppet, Ólafsfirði | Trimm | Alþj.l. fjöldag. | S.K.Í. |
| 13.—14. apríl | Tveggjabrautak. SRÍ, Ísaf. | Svig | 13 ára og eldri | S.R.Í. |
| 19.—21. apríl | Unglingam.mót, R.vík | Alpa+Norr. gr. | 13—16 ára | S.K.R.R. |
| 25.—28. apríl | Andrésarleikar, Akureyri | Alpa+Norr. gr. | 12 ára og yngri | S.R.A. |
| 27. apríl | Vormót Foreldraráðs, Ísaf. | Svig | 12 ára og yngri | Foreldrar |
| 4.—5. apríl | Fossavatnsgangan, Ísafirði | Trimmganga | Allir | Skíðafélag |
| 16. maí | Hvítasunnuganga, Sigluf. | Trimmganga | Allir | S.S.S. |



**Í vorsnjónum hleypur oft galsi í menn. Hér leika þeir Jón Smári Valdimarsson og Úlfur Guðmundsson listir sínar í skíðabrekkunum.**



# FLUGELDABAZAR

Flugeldabasar Hjálparsveitar skáta verður í Skátaheimilinu dagana:

28. desember kl. 14:00—22:00
29. desember kl. 13:00—22:00
30. desember kl. 13:00—22:00
31. desember kl. 10:00—14:00

**Hjálparsveit skáta, Ísafirði.**



*Sendum ísfirskum skíðamönnum baráttukveðjur og óskir um góðan árangur á skíðamótum í vetur.*

**LANDSBANKI ÍSLANDS**
*Útibúið á Ísafirði*

**Úrvinnsla marskonar verkefna í eigin tölvu**

**Reiknistofa Vestfjarða**
**Aðalstræti 24 Ísafirði**
**Sími 3854**

Óskum ísfirsku skíðafólki góðs gengis á komandi vetri.

Búðanes
útgerðarfélag



*Óskum ísfirsku skíðafólki velfarnaðar á komandi vetri.*

**SANDFELL HF**
**PÓSTHÓLF 111 — 400 ÍSAFJÖRÐUR**

## *Olíusamlag útvegsmanna*

***Hafnarhúsinu, Suðurgötu***

**NÝKOMIÐ:**

- Fóðraðir sjójakkar
- Fóðraðir vinnugallar
- Vinnuúlpur frá MAX
- Vinnuúlpur frá VÍR
- Vinnuskyrtur
- Vinnubuxur
- Gallabuxur
- Kapp jakkar
- Kapp buxur
- Samfestingar



Óskum ísfirsku skíðafólki góðs gengis á komandi vetri.

★

TRÉSMÍÐA-VERKSTÆÐI

Arnórs Stígssonar
Hlíðarvegi 32
sími 3539

Óskum ísfirsku skíðafólki góðs gengis á komandi vetri.

***ÍSVERK H/F***

# SKÍÐAFERÐIR Í VETUR

**Austurríki — Flug og bíll um Luxemburg**

Ferðaskrifstofa Vestfjarða
Símar 3457 og 3557, Ísafirði



## BRÚARNESTI
ÍSAFIRÐI

*OPIÐ FRÁ KL. 13:00 TIL KL. 23:30*
*verið velkomin*



*BRÚAR–NESTI*
*ÍSAFIRÐI*

## Sólbaðsstofan Holtasól

Í Solana Nova 2000 eru 28 160W Philips perur sem gefa frá sér lágmarks UV-B geislun. Þú sleppur við bruna, og kælikerfið í bekknum sér um að halda á þér réttu hitastigi. Meiri orka, jafnari litur.
Ath. Sértilboð til áramóta. Góð hreinlætisaðstaða.

**Holtasól, Hafraholti 38,**
**sími 4143**



*Sendum Ísfirðingum bestu jóla- og nýárskveðjur*



**SUND SF.**

*Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og þökkum viðskiptin.*



***GOSI S/F***

Óskum ísfirskum
skíðamönnum
velgengni
í vetur.



Rækjustöðin hf.

Óskum ísfirskum skíðamönnum velfarnaðar á komandi vetri.



**ENDURSKOÐUNAR OG BÓKHALDSSTOFA**
**GUÐMUNDAR E. KJARTANSSONAR**
**Löggiltur endurskoðandi**
**Silfurgötu 1, Ísafirði**
**Sími 3142.**





ÍSHÚSFÉLAG
ÍSFIRÐINGA HF.

# EINN ALLRA
## BANKA OG SPARISJÓÐA
# BÝÐUR
# ÚTVEGSBANKINN

1 FAST AÐ **28%** ÁVÖXTUN Á 12 MÁNUÐUM

2 **26,2%** VEXTI STRAX FRÁ 1. MÁNUÐI EFTIR STOFNUN REIKNINGS
(ENGIN BIÐ EFTIR STIGHÆKKANDI VÖXTUM)

3 ENGA NIÐURFELLINGU ÁUNNINNA VAXTA VIÐ ÚTTEKT



# ÁBÓT
Á VEXTI

**BÝÐST ÞÉR BETRA?**

ÚTVEGSBANKINN
EINN BANKI • ÖLL ÞJÓNUSTA

# Hlutur göngumanna

Nú er veturinn hafinn, a.m.k. á almanakinu og tími skíðaiðkunar hafinn hjá nokkrum og að hefjast hjá öðrum. Almenn ástundun skíðagöngu hefur sífellt færst í vöxt ár frá ári og er ekki að efa að aðstaðan á Torfnessvæðinu eigi drjúgan þátt í því. Þar hefur verið troðinn um 2 km. hringur þegar fært hefur verið og svæðið upplýst að hluta.

Þá hafa verið haldin þar almenningsnámskeið síðustu tvö árin sem um 100 manns hafa sótt. Einnig hefur þjálfun yngri flokka í skíðagöngu á vegum Skíðaráðs Ísafjarðar farið þar fram á meðan snjór entist. Þátttakan í námskeiðum ráðsins hefur verið mjög góð á meðan það er á Torfnessvæðinu en um leið og farið er upp á Seljalandsdal þá hefur fækkað um helming.

Í þessum orðum kemur vel fram aðstöðumunur er verið hefur á Ólafsfirði og Ísafirði hvað varðar iðkun skíðagöngunnar. Ólafsfirðingar hafa aðstöðuna inn í miðjum bæ mikinn hluta vetrar og margar keppnir fara þar fram.

Á Ísafirði höfum við haft aðstöðu á Seljalandsdal og stundum í Tungudal, þó að ekki sé langt að fara t.d. miðað við Reykvíkinga í sitt skíðaland. Þá skiptir það mjög miklu máli að hafa aðstöðuna í bænum eins og við höfum haft á Torfnessvæðinu.

Því miður þá ræður sjálfsagt snjórinn mestu um þetta, en þó ekki öllu, þess vegna þurfa skíðagöngumenn að ýta á að þarna verði troðið þegar snjór er. Þá þarf að koma einhverjum keppnum á hér í bænum til að kynna íþróttina, því það er reynsla mín að áhorfendur koma ekki nema í litlum mæli upp á „Dal" til að horfa á skíðagöngu, því þarf að færa keppnirnar til þeirra.

Þetta er að sjálfsögðu mál, sem fer að mestu leyti eftir snjó, en einnig vilja margra, er málið kann að varða. Gaman væri t.d. að keppa í yngri flokkum í Vestfjarðamóti hér niðri, eða einhverju álíka móti.

Fyrsta skrefið í þessa átt var Hnífsdalsgangan sem gengin er að kvöldi einhvers virks dags, frá Hnífsdal og inn á „Sjúkrahústún" og hefur farið fram tvívegis. Í fyrra féll hún niður vegna snjóleysis á þeim tíma er hún skyldi haldin, og er það eitt dæmið um það hvað skíðagöngubröltið hér niðri er háð veðráttu en þegar færið gefst þá eigum við að nota það.

Þröstur Jóhannesson



**Frá Seljalandsdal.**

# Bikarkeppni S.K.Í. 1984

**Alpagreinar**

**Úrslit**

| konur | Stig |
|---|---|
| 1. Nanna Leifsdóttir A | 150 |
| 2. Guðrún H. Kristinsd. A | 40 |
| 3. Signe Viðarsdóttir A | 120 |

**Karlar**

| | |
|---|---|
| 1. Daníel Hilmarsson D | 145 |
| 2. Guðm. Jóhannsson Í | 130 |
| 3. Atli Einarsson Í | 101 |

**Bikarkeppni unglinga**

**Stúlkur 15 — 16 ára**

| | |
|---|---|
| 1. Guðrún H. Kristjánsd. A | 120 |
| 2. Snædís Úlriksdóttir R | 115 |
| 3. Bryndís Ýr Viggósd. R | 65 |

**Drengir 15 — 16 ára**

| | |
|---|---|
| 1. Björn Gíslason A | 120 |
| 2. Brynjar Bragason A | 110 |
| 3. Guðm. Sigurjónsson A | 60 |

**Stúlkur 13 — 14 ára**

| | |
|---|---|
| 1. Guðbjörg Ingvarsd. Í | 100 |
| 2. Þórdís Hjörleifsd. Í | 96 |
| 3. Gerður Guðmundsd. UÍA | 84 |



**Drengir 13 — 14 ára**

| | |
|---|---|
| 1. Valdimar Valdim.ss. A | 120 |
| 2. Kristinn Svanbergss. A | 74 |
| 3. Kristinn Grétarsson Í | 70 |

**Úrslit í bikarkeppni S.K.Í. í norrænumgreinum**

**Ganga 20 ára og eldri, karlar**

| | |
|---|---|
| 1. Gottlieb Konráðss. Ó | 100 |
| 2. Einar Ólafsson Í | 90 |
| 3. Jón Konráðsson Ó | 61 |

**Ganga 17 — 19 ára piltar**

| | |
|---|---|
| 1. Haukur Eiríksson A | 95 |
| 2. Finnur V. Gunnarss. Ó | 85 |
| 3. Bjarni Gunnarss. Í | 65 |

**Ganga 15 — 16 ára piltar**

| | |
|---|---|
| 1. Ólafur Valsson S | 75 |
| 2. Ingvi Óskarsson Ó | 60 |
| 3. Baldvin Kárason S | 50 |

**Ganga 13 — 14 ára drengir**

| | |
|---|---|
| 1. Magnús Erlingsson S | 75 |
| 2. Óskar Einarsson S | 60 |
| 3. Sveinn Traustason F | 45 |

**Ganga 19 ára og eldri, konur**

| | |
|---|---|
| 1. Guðrún Pálsdóttir S | 100 |
| 2. María Jóhannsd. S | 80 |

**Ganga 16 — 18 ára stúlkur**

| | |
|---|---|
| 1. Stella Hjaltadóttir Í | 100 |
| 2. Svanfríður Jóhannsd. S | 76 |
| 3. Svanhildur Garðarsd. Í | 75 |

**Ganga 13 — 15 ára stúlkur**

| | |
|---|---|
| 1.—2. Auður Ebeneserd. Í | 70 |
| Ósk Ebeneserd. Í | 70 |
| 3. Harpa Jónsdóttir Ó | 45 |

**Stökk 17 ára og eldri, karlar**

| | |
|---|---|
| 1. Þorvaldur Jónsson Ó | 100 |
| 2. Ásgrímur Konráðss. Ó | 70 |
| 3. Haukur Hilmars. Ó | 46 |

**Stökk 15 — 16 ára piltar**

| | |
|---|---|
| 1. Randver Sigurðsson Ó | 75 |
| 2. Ólafur Björnsson Ó | 60 |
| 3.—4. Áki Valsson Ó | 15 |
| Sigurgeir Svavars Ó | 15 |

**Stökk 13 — 14 ára drengir**

| | |
|---|---|
| **1. Jón Árnason Ó** | **75** |
| **2. Hafþór Hafþórss. S** | **35** |
| **3. Óskar Einarsson S** | **31** |

# Landsliðsmál — Skíðaganga

Á vegum Skíðasambands Íslands (SKÍ) var í vor valið í tvo landsliðshópa í skíðagöngu. Fjórar æfingar hafa farið fram á vegum SKÍ og voru þær á Ísafirði í júní, Ólafsfirði í ágúst, Akureyri í september og Hveragerði í október. Þjálfari er Sigurður Aðalsteinsson frá Akureyri. Í liðunum eru:

SKÍ—lið:
Einar Ólafsson Ísafirði.
Gottlieb Konráðsson Ólafsfirði.
Endurnýjunarlið—SKÍ:
Bjarni Gunnarsson Ísafirði.
Haukur Eiríksson Akureyri.
Ólafur Valsson Siglufirði.
Stella Hjaltadóttir Ísafirði.

Einar Ólafsson er nú í skóla í Jerpen í Svíþjóð, þar sem nemendur eru á sérstöku skíðasviði, það er að segja að þar er þjálfun og keppni aðlöguð námi og skíðaæfingar koma í stað valgreina og almennrar íþróttakennslu. Við þennan skóla eru tveir þjálfarar er stjórna og hafa umsjón með þjálfun nemenda á þessari skíðabraut. Einar hefur verið þarna frá því í ágúst og verður a.m.k. til vors, hann hefur farið á eina samæfingu með sænska landsliðinu nú í byrjun vetrar og keppti á sínu fyrsta móti á þessu tímabili laugardaginn 1. des. Ekki hefur frést um árangur hans í því.



**Þröstur Jóhannesson.**

Gottlieb Konráðsson fer út til Svíþjóðar 6. des. og verður við æfingar þar og keppni fram í janúar. Hann mun dvelja í Jerpen og þeir Einar hafa samflot í keppnisferðum.

Endurnýjunarlið—SKÍ mun fara til Svíþjóðar 21. des. og verða við æfingar og keppni fram til 14. janúar n.k.

Stefnt er að því að senda tvo þátttakendur á Heimsmeistaramót í göngu sem verður í Sefeeld 17. — 27. janúar 1985, 30 km. gangan verður 18. janúar, 15 km. þann 22. og 50 km. 27. janúar.

Um mánaðarmótin febrúar/mars verður samæfingarvika fyrir landslið og jafnframt eru keppnir á helgunum í byrjun og enda vikunnar.

Norrænugreinanefnd SKÍ
Þröstur Jóhannesson

**London (Helgar- og vikuferðir)**
Ferðaskrifstofa Vestfjarða hf.

## Af erlendum vettvangi

Viljið þið frétta af manni sem þarf að dulbúast til að komast á skíði eða skíða um svæði sem gætt er af vörðum? Menn telja sig hafa séð hann einn dag í mars í Gran Sasso á Ítalíu. Er hann fór í heimsókn til Póllands laumaðist hann upp í Tatarafjöllin.

Nú er ykkur farið að gruna hver þetta er. Jú, það er alveg rétt þetta er páfinn. Nýverið tókst honum að narra forseta Ítalíu Sandro Pertini með sér upp í fjöllin, þótt ekki væri nema til að skynja fegurð himinsins þarna uppi og borða með sér hádegisverð undir tindi Crozzon del Lares (3354 m).

Pertini var tregur til, hafði aldrei stigið á skíði og kominn á áttugasta og áttunda aldursár. Hann lét þó tilleiðast og þyrla flaug með þá upp á jökul „Vedretta della Lobbia". Þeim gamla var ekið á snjótroðara meðan páfinn renndi sér niður brekkuna eina 4 km. „Þér fljúgið eins og svala," varð Pertini að orði við páfann og dauðsá eftir að hafa ekki lært á skíði. Þeir snæddu saman dýrðlegan hádegisverð, en þá flaug þyrlan burt með forsetann, og páfinn fór aftur að renna sér.

Það er sagt að hann geti ekki án þess verið.
Hvað með þig?

Hanni Wensel, 27 ára, sigursælasta skíðakona síðustu 40 ára. Lauk keppnisferli sínum með reisn. Hún vann heimsbikarkeppnina 1978 og 1980. Í desember 1981 rifnuðu liðbönd í hné og 1982 varð hún líka fyrir áföllum, en náði sér upp aftur og varð nr. 2 í ár með 238 punkta og taldi nú tímabært að hætta.

Hún hélt skilnaðarhóf og basar þar sem hún seldi öll þau skíði, hjálma, hanska, húfur, gleraugu og annað sem henni hafði áskotnast á keppnisferli sínum . Allur ágóði rann til heimilis handa fötluðum börnum.

Hanni vildi gjarnan verða þyrluflugmaður og hún hefur líka gaman af hraðanum sem hún nær á mótorhjólinu, en markmiðið er þó heimili og börn. Hún segir að Harti Weirather austurríski brunkappinn hafi ekki beðið sín enn, en þau fóru í sumarfrí til Kenya.

Andy bróðir hennar er hlaut gull í samanlögðu er hins vegar trúlofaður vinkonu sinni Piu Pallass, en hún er grísk tískusýningarstúlka. Hann hlaut brons á Olympíuleikunum og var nr. 4 í heimsbikarkeppninni með 191 stig, Primin Subriggen var nr.1 með 256 stig, Stenmark með 230 stig, Marc Giradello nr. 3 með 222 stig.

Það virðist alveg öruggt að Mahr bræðurnir séu hættir að keppa í heimsbikarkeppninni, þeim fannst þeir fá lítinn stuðning í Sarajevo eins og ekki væri reiknað með þeim. En Phil fékk gull og son á sama degi.

Steve ætlaði sér ekki af í seinni ferð, var með bestan tíma fyrir og keyrði ekki eins og til stóð. Kannski betra að sjá eftir gulli í bróður sinn en annan, en þau fékk hann á bandaríska meistaramótinu, þar sem Phil keppti ekki. Phil var kjörinn „Ski Billy" eða skíðamaður ársins. Erika Hess hlaut þann titil 1982.

Það er ekki bara veitt fyrir skíðaafrek, persónuleikinn spilar líka inn í, en það eru íþróttamenn sem velja.

Fáir skíðamenn hafa hlotið eins mikla athygli og brunkappinn austurríski Franz Klammer f. 3/12 1953. Hann er 183 cm. á hæð og 78 kg. Hér eru glefsur úr afrekaskrá hans.

1974 á heimsmeistaramóti nr. 2 í bruni, 10. í stórsvigi, 20. í svigi, nr. 1 í samanlögðu — 1978 Olympíuleikunum sigurvegari í bruni, í heimsbikarkeppninni 1973 nr. 8, 1974 nr. 5 (2 í bruni) 1975 nr. 3, (1 í bruni), 1974 nr. 4 (1 í bruni), 1977 nr. 3 (1 í bruni), 1978 nr. 5 (1 í bruni) 1979 nr. 51, 1980 33, 1981 40, 1982 14, 1983 18, (1 í bruni), 1984 nr. 4 í bruni.

Bergþóra Sigurðardóttir


**Máltækið segir:**

# Gott er að hafa mikinn mat og marga helgidaga

Það á vel við um þessi jól, því nú verðum við með hinar ýmsu jólasteikur á góðu verði.

Í nægtarbrunni HN-búðarinnar verður m. a.:

*London lamb*
*Lambahryggir, léttreyktir*
*Hangilæri, heil*
*Hangilæri, úrbeinuð*
*Hangiframpartar, heilir*
*Hangiframpartar, úrbeinaðir*
*Hreinsuð lambasvið*

*Allt svínakjöt*
*Allt dilkakjöt*
*Allt nautakjöt*
*Hreindýrakjöt*

*Rjúpur*
*Endur*
*Aligæsir*
*Aligrágæsir*
*Kjúklingar*

*Spægipylsa, síld*
*o. fl. á kalda borðið*

Auk þess erum við með mikið úrval af frönskum kartöflum, frosnu grænmeti og öllu því öðru, sem gerir jólamatinn að jólamat

**Fyrir Þorláksmessu bjóðum við að sjálfsögðu kæsta skötu og vestfirskan hnoðmör**

HN BÚÐIN
SUNDSTRÆTI 34 ☎ 4013

**Sérverslun með kjöt og fisk**



# Helgarreisur

með Ferðaskrifstofu Vestfjarða

á RIO

í BROADWAY

Ferðaskrifstofa Vestfjarða getur í samstarfi við veitingahúsið Broadway boðið Vestfirðingum upp á ódýrustu helgarreisurnar í vetur með aðgöngumiða á skemmtikvöld Ríótríós.
F.V. hefur ávallt besta verðið.

### Halldór Antonsson þjálfari:

# Mannlegi þátturinn mikilvægastur



Góðir Ísfirðingar!

Nú er snjórinn kominn og ný skíðavertíð að hefjast. Skíðaráð Ísafjarðar hefur starfað í sumar og er þegar búið að ráða til sín þjálfara fyrir veturinn, þeirra á meðal er undirritaður.

Það sem mig langar fyrst og fremst til að koma á framfæri við ykkur bæjarbúar góðir, er að hjálpa okkur sem störfum í þessari ágætu íþrótt til að hefja hana upp úr þeim öldudal sem hún hefur verið í.

Það sem bráðliggur á, er að foreldrar og forráðamenn barna og unglinga sýni íþróttinni skilning og áhuga, ekki bara skaffa skíði og skó, heldur hvetja krakkana til að stunda æfingar, ekki reka þau, heldur styðja þau og fylgjast með þeim, t.d. á mótum. (Hvatning foreldra er mjög mikilvæg).

Ég er ekki að fara fram á að foreldrar kaupi tvenn skíði og flottasta gallann sem til er, þetta eru dauðir hlutir og algjör aukaatriði. Mannlegi þátturinn er mikilvægastur.

Það sem við þurfum að stefna að er að halda krökkunum sem lengst í íþróttinni og sem flestum, því fleiri því meiri félagsskapur og skemmtilegra og því lengur, því meiri möguleika á árangri, því ekki er víst að í ljós komi hver er bestur fyrr en unglingarnir eru komnir undir tvítugt.

Ég vona að gott samstarf verði á milli okkar þjálfara og foreldra á komandi skíðavetri.

Hittumst á dalnum í vetur!

Halldór Antonsson




# Vertu klár fyrir skíðavertíðina

**— Topp merkin í skíðavörum**

FISCHER skíði

TYROLIA bindingar og töskur

DACHSTEIN skíða- og gönguskór

adidas bindingar og gönguskór

Playboy (Carrera) skíðagleraugu

Hinn heimsfrægi skíðaáburður Toko og Rode

Athugið: Opið á laugardögum kl. 9:00 — 12:00





TOKO®

Vélsmiðjan Þór hf. Sími 3711



Óskum ísfirsku skíðafólki velfarnaðar á komandi vetri.

**Gunnar og Ebeneser Jarðýtur h.f. Feykir h.f.**





ÓSKA STARFSMÖNNUM OG VIÐSKIPTAVINUM GLEÐILEGRA JÓLA. ÞAKKA SAMSTARFIÐ Á LIÐNUM ÁRUM.

***DAVÍÐ HÖSKULDSSON málarameistari.***





Óskum starfsmönnum og viðskiptamönnum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.



***NIÐURSUÐUVERKSMIÐJA O.N. OLSEN***





Óskum vestfirsku skíðafólki góðs gengis á komandi vetri.

**Olíufélagið hf.**
Hafnarstræti 8
Ísafirði
Símar:
3990 og 3662




MJÓLKURSAMLAG ÍSFIRDINGA
WARDSTÚNI
SÍMI:94-3251







**Heimilistækin,
ljósin og
gjafavöruna
fáið þið hjá okkur**

**straumur HF**

SILFURGÖTU 5 — SÍMI 3321

*Í versluninni*

**Gullauga**

*Silfurgötu 6, Ísafirði*
*Sími 3460*

*fæst ágætisúrval af skartgripum og gjafavörum, t.d. plötuarmbönd til áletrunar (f. börn) demantshringar, hálsmen, eyrnalokkar og margt, margt fleira.*

◇

*Kælipinnar sem þynna ekki drykkina (í stað ísmola)*

◇

*Borðbúnaður úr silfri Freyjumunstur*

◇

*Gleraugnaumgjarðir, gler og gleraugnahulstur Sjónaukar (stækkunargler væntanleg)*

◇

*Gull- og gleraugnasmiður í Gullauga*

◇

*Jólagjöf golfáhugamannsins fæst í Gullauga*

◇

*Golfvörur í miklu úrvali*

---

**Komið tímanlega með fötin í hreinsun fyrir jólin.**

**Þurr-hreinsunin**

**Silfurgötu 9.**
**Sími 3540.**

---

***Afgreiðsla***

***Ríkisskip Hafskip***

***Skipa-afgreiðsla Gunnars Jónssonar***
***Árnagötu***

---

# Hafsteinn Vilhjálmsson
## Umboðsverslun
## Sími 3207

**Söluumboð fyrir eftirtalin fyrirtæki:**

Bananasalan s.f.
- Plastprent h.f.
- Skipholt h.f.
- Mjöll h.f.
- Papco h.f.
- Tæknivörur h.f.
- Rekstrarvörur
- Límmerki s.f.
- Þýsk-íslenska h.f.
- A.B.C. h.f.
- Vilberg kökuhús
- Sælgætisgerðin Vala
- Sólborg Akureyri
- Burstagerðin
  Burstar fyrir heimili og matvælaiðnað

- Umboð fyrir almennar tryggingar h.f.

# Hafsteinn Vilhjálmsson
## Umboðsverslun
## Sími 3207

---

# SALOMON®

## SKÍÐABINDINGAR — SKÍÐASKÓR



**SALOMON** svigskórnir eru einfaldir og þægilegir
**SALOMON** svigskórnir passa fyrir alla fætur

**SALOMON** svigbindingar opnast á alla vegu
**SALOMON** svigbindingar eru auðveldar að fara í og úr

## VISSIR ÞÚ?

að 5 af 7 landsliðsmönnum Svía í göngu nota Salomon

að nýju göngukeppnisskórnir frá Salomon eru aðeins 250 gr.

að Salomon er stærsti framleiðandi í heimi á svigbindingum

að Salomon er næststærsti framleiðandi í heimi á svigskóm

að Salomon er stærsti framleiðandi í heimi á gönguskóm og bindingum

að Gunde Svan notar Salomon

að Tomas Wassberg er kominn á Salomon

**SALOMON** gönguskórnir eru hlýir og sterkir
**SALOMON** gönguskórnir eru vinsælustu skórnir í dag

**SALOMON** göngubindingarnar gefa góða stýringu
**SALOMON** göngubindingarnar til í mismunandi stífleika



**Með skíðavörur í 25 ár**
**Okkar reynsla er ykkar trygging**

**SPORTHLAÐAN H.F.**